

Ágrip fyrir ráðstefnu Kennsluakademíunnar.

Höfundar:

Elsa B. Valsdóttir, dósent, HVS, ebv@hi.is

Ásta Bryndís Schram, dósent, dósent, HVS, astabryndis@hi.is

Peter Dieckmann, senior lecturer, Copenhagen Academy for Medical Education and Simulation (CAMES), mail@peter-dieckmann.de

Markmið rannsóknar

Hermikennsla er kennsluaðferð sem líkir eftir raunverulegum atburðum í þeim tilgangi að æfa, læra, prófa eða öðlast skilning á kerfum eða mannlegum athöfnum.

Markmið:

Rannsókn 1: Að rannsaka notkun hermikennslu í kennslu læknanema við HÍ, hversu mikið er hún notuð, af hverjum, hvaða aðferðir hermingar eru algengastar, hver eru viðhorf til og reynsla kennara og nemenda af hermikennslu.

Rannsókn 2: Að mæla hversu tilbúin Læknadeild HÍ er til að auka notun hermikennslu í kennslu læknanema.

Aðferðir

Í fyrri rannsókninni voru sendir úr rafrænir spurningalistar til kennara og nemenda í læknisfræði við HÍ og gerð orðaleit í kennsluskrá HÍ. Í seinni rannsókninni var í fyrsta hluta notað mælitæki sem sent var rafrænt til kennara í læknisfræði og starfsfólk Læknadeildar, í öðrum hluta voru tekin rýnihópaviðtöl við hagaðila á Landspítala. Í þriðja hluta voru tekin viðtöl við aðila erlendis sem komið hafa að uppbyggingu hermikennslu í sínum heimalöndum.

Helstu niðurstöður

Herming er ekki mikið notuð kennsluaðferð í læknisfræði en bæði kennarar og nemendur eru jákvæðir í garð hennar og vilja nota hermingu meira. Skortur á þjálfun, aðstöðu, búnaði og tíma eru helstu hindranir í vegi fyrir aukinni notkun. Í kennsluskrá er lítið talað um hermikennslu. Kennarar í læknisfræði og starfsfólk Læknadeildar er sammála um nauðsyn aukinnar notkunar hermikennslu en þau, sem og hagaðilar á Landspítala, hafa áhyggjur af framkvæmdinni. Sumir telja að menningarbreytingu þurfi til til að innleiðing hermikennslu takist vel. Reynslan erlendis frá er sú að ákveðnar grunnforsendur þurfi þegar hermikennsla er innleidd, bæði hvað varðar innviði og viðhorf.